

Íslenska 1. bekkur

Kennarar: Elín Jórunn Baldvinsdóttir; Helga Lóreyey Thoroddsen;
Karitas Sumati Árnadóttir; Margrét Rún Styrmsd. Ísberg; Monika
Jónsdóttir

1

Lýsing

Íslenska skiptist í fjóra hæfniflokka:

Talað mál, hlustun og áhorf, Lestur og bókmenntir, Ritun (þ.m.t. stafsetning) og Málfræði.

Lagt verður áhersla á hæfniviðmið í öllum þessum þáttum. Íslenska er samofin öllum öðrum námsgreinum og er viðfangsefni þeirra allra. Hún tengist jafnframt öllum starfsmönnum, nemendum og skólasamfélaginu sem slíku og hefur áhrif á skólamenningu og skólabrag. Áherslan er á læsi nemenda í viðum skilningi.

Tímabil

Skólaárið 2024-2025.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir íslensku 1. bekkja er yfirferð námsefnis, námsþættir og viðfangsefni útlistuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópfundum að hausti (sbr.: *Námshyggja*).

Árgangsáætlun er til grundvallar *vikuáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: 7 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námsþættir og viðfangsefni í íslensku 1. bekkja eru þessi eftir hæfniflokkum:

Talað mál, hlustun og áhorf - nemandinn:

- hlustar og tekur þátt í umræðum um námsefni
- hefur vald á leikrænni tjáningu
- hlustar á nestissögur
- tjáir sig á bekkjarfundum
- segir frá daglegu lífi
- hlustar á flutning á fjölbreyttu efni
- hlustar á fyrirmæli og fer eftir þeim

Lestur og bókmenntir - nemandinn:

- lærir íslensku bókstafina og hljóð þeirra
- rímar og klappar atkvæði
- les sér til ánægju heima (heimalestur) og í kennslustofu (yndislestur)
- les á skólasafni
- les upphátt (raddlestur), les í paralestri, les í kór,
- les og vinnur með texta (valdar barnabækur)

- skilur textann, greinir orð, hugtök og orðasambönd í texta
- unnið með eitt "lykilorð" í hverri viku
- les úr myndrænu efni
- velur bækur við hæfi á skólasafni

Ritun - nemandinn:

- dregur rétt til stafs og æfir skrifarhallann í skrifarbækur heima og í kennslustofu
- æfir rétt grip
- semur sögur frá eigin brjósti (yndisritun) og ljóð
- ritar endursögn út frá texta eða bætir við söguna
- notar stóran og lítinn staf og stafabil
- skrifar söguþráð, býr til sögupersónur og umhverfi
- skrifa í dagbók
- skrifar vikulega heima eftir forskrift (heimaskrift)
- vinnur á fjölbreyttan hátt með hljóð og stafi og stafasambönd

Málfræði - nemandinn:

- lærir um stafrófið, sérhljóða og samhljóða
- vinnur á fjölbreyttan hátt með bókstafi, hljóð og orð úr „lykilorði“
- finnur „orð í orði“ og „orð úr orði“ í „lykilorði“
- raðar í stafrófsröð t.d. nöfnum bekkjarfélaga
- leikur sér með orð og rímar
- lærir um orð og málsgrein

Kennsluáðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluáðferðir, vinnulag) í íslensku 1. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér *fjölbreytta kennsluhætti* innan allra árganga og námsgreina, m.a.: markvissar innlagnir kennara, lestur og umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verklega vinnu, bekkjarfundi, útikennslu, kannanir, próf og heimavinnu.

Leitast er við að tengja hæfniflokka íslenskunnar innbyrðis og samþætta þá einnig við aðrar námsgreinar. Hæfniviðmið 1. - 4. bekkja eru brotin niður í smærri markmið og útskýrð (sbr. námsmarkmið og námsviðmið).

Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, samvinnu og vaxandi hugarfar. Þar sem því er við komið er farið í vettvangsferðir og söfn heimsótt.

Stefna Melaskóla er að kenna samkvæmt aðferðum *Byrjendalæsis* a.m.k. fyrstu tvö árin og í framhaldi „Orð af orði“ og „Læsi til náms“.

Eftirtaldir áhersluþættir eru lagðir til grundvallar lestrarnáminu:

- samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar
- tileinkun orðaforða er undirstaða góðs skilnings
- texti (bækur og ljóð) er lagður til grundvallar lestrarkennslunni og efni hans rætt ítarlega
- tæknileg vinna sprettur úr þeim efni við sem felst í textanum og fer fram m.a. í „hringekju“
- nemendur vinna með lestartengd verkefni
- nemendur koma með misjafna þekkingu til leiks í lestrarnámið og þurfa að geta lært hlið við hlið en um leið fengið verkefni við hæfi hvers og eins
- lögð er áhersla á sýnikennslu og nemendur læra vinnubrögð sem efla þá við að verða greinandi og sjálfstæðir lesarar
- læsisnámið eflir skapandi hugsun og tjáningu

- læsisnámið á að vera skemmtilegt og bjóða upp á samskipti
- kennarar safna upplýsingum um námsframvindu nemenda í daglegu starfi og nýta það til leiðsagnar til að skipuleggja ný viðfangsefni

Í lestrar- og íslenskunámi er lesinn gæðatexti og stafainnlögn fer fram í gegnum hann. Lagðir eru inn tveir stafir á viku. Þegar líður á veturinn eru stafir rifjaðir upp með þeim nemendum sem á því þurfa að halda.

Í hverri viku fer fram fjölbreytt vinna með orð í textanum, söguþráð eða innihald þar sem markmið í lestri, ritun og málfræði eru höfð að leiðarljósi. Sköpun, spil og leikir fléttast inn í námið á hverjum degi.

Dæmi um kennsluhætti í íslensku:

- Byrjendalæsi
- samvinna og hópastarf
- hringekja
- lestur, talað mál, hlustun, áhorf og leikir
- vettvangsathuganir
- þemaverkefni

Áherslur í íslensku eru að nemendur:

- læri um bókstafi, tölustafi, orð, setningu, punkt og spurningarmerki
- geti greint orðafjölda í setningu, atkvæðafjölda í orðum, fjölda hljóða í orðum
- geti parað saman stóra og litla stafi
- greini hljóð og merki við staf, greini forhljóð og skrifi staf, greini hljóðað orð
- lesi orð og tengi við mynd, skoði mynd og finni rétt orð
- æfi tjáningu

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kaflar 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja námshæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í íslensku 1. bekkja byggir á *fjölbreyttu hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: munnlegri endurgjöf - símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum-könnunum-skimunum (heimapróf, munnleg próf, stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Fjöldmörg *matsverkefni* í íslensku eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í íslensku 1. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og taka mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyllum að þessum markmiðum.

Heimalestur, lesfimi (sbr. lesfímipróf tekin í september, janúar og maí) og *Læsi 1* (þ.e. lestrarskimun til að meta lestrarhæfni) eru metin sérstaklega og matið gert sýnilegt á heimasvæði nemenda og foreldra í Minn Mentor. Þá er stuðst við stuðningskerfið *Leið til læsis og Lesskimun fyrir 1. bekk* lagt fyrir nemendur til að meta læsisþróun þeirra.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Lestur og bókmenntir












- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Málfræði

- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.

-  **Ritrún 1**
Rafbók
(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ritrun_1/)
-  **Lestrarlandið 1 - sögubók**
Rafbók
(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/lestrarl_lesbok/)
-  **Lestrarlandið 1 - vinnubók**
Rafbók
(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/lestrarlandid_vb1/)
-  **Listin að lesa og skrifa - um 30 rafbækur**
Rafbækur
(https://mms.is/namsefni?title=listin+a%C3%B0+lesa+og+skrifa&level=All&category=All&type=All&year=All&sort_by=title&sort_order=ASC&view_as=on)
-  **Ítalíuskript 1A**
Rafbók
(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/italiu1a/>)
-  **Ítalíuskript 1B**
Rafbók
(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/italiu1b/>)
-  **Komdu og skoðaðu bílinn**
Rafbók
(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kosbilinn/>)
-  **Komdu og skoðaðu líkamann**
Rafbók
(<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/koslikamann/>)
-  **Komdu og skoðaðu umhverfið**
Rafbók
(<https://www1.mms.is/rafbok/umhverfid.html>)
-  **Skrift 1a**
Námsbók
-  **Skrift 1b**
Námsbók



Ítalíuskript 1A og 1B – Heimaverkefnaþók

Námsþók